

Skólaráð Glerárskóla.

Fundur mánudaginn 31. október 2016 kl. 14:00

Mættir: Margrét Ingimundardóttir og Sigurjón Magnússon fulltrúar kennara, Berglind Rafnsdóttir fulltrúi hverfisnefndar, Sesselja Ingibjörg Reynisdóttir og Feydís Dana Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Kristín Sveinsdóttir og Sandra Ósk Sævarsdóttir fulltrúar nemenda og Elín E. Magnúsdóttir staðgengill skólastjóra.

Fjarverandi: Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna.

Elín stjórnaði fundi og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri skrifaði fundargerð.

Starfsáætlun Glerárskóla 2016 – 2017

Elín kynnti starfsáætlunina og hvar hana væri að finna á heimasíðu. Helga sagði frá vinnu við endurskoðun skólareglna. Foreldri sagði frá eftirsetu í jógahugleiðslu. Rætt um að reglurnar verði að vera skýrar. Berglind lagði áherslu á mikilvægi þess að virða mætingareglur og viðurlög séu skýr þ.e. hvað sé gert þegar vantar upp á mætingar. Rætt um umbun vegna mætinga sem var áður. Það kallar á mikla nákvæmni í skráningum. Þær munu koma síðar til umræðu í skólaráði. Berglind hvatti fulltrúa nemenda að kynna sér starfsáætlunina. Mælt með að allir lesi og komi með athugasemdir ef einhverjar eru.

Skýrsla um innra mat Glerárskóla 2016

Elín sagði frá skýrslunni og hvar hana væri að finna á heimasíðu.

Skólanámskrá Glerárskóla 2016 – 2017

Elín sagði frá hvar skólanámskrána væri að finna á heimasíðu og sagði skólanámskrána í endurskoðun í samræmi við nýja aðalnámskrá. Mikill tími kennara hefur farið í þessa vinnu og henni er ekki lokið.

Viðhald húsnæðis – innstokksmunir

Elín fór yfir það viðhald sem átt hefur sér stað á síðustu mánuðum. Milligangurinn var tekinn í gegn og nokkrar stofur málaðar. Til tals kom fyrirhuguð bygging leikskóla á skólasvæðinu. Allir sammála um mikilvægi þess að fá leikskóla í hverfið og furða sig á að ekki hafi verið hugað að því fyrr. Ungt fólk með börn skoðar slíkt þegar það er að leita sér að húsnæði. Nemendafulltrúar telja nýjan matsal og tölvuver (upplýsingaver) mikilvægt ef til kæmi að byggja við eða breyta húsnæði Glerárskóla. Skólaráðið sammála um að ekki sé eðlilegt að troða leikskóla inn í núverandi húsnæði Glerárskóla án viðbygginga og breytinga. Margt er komið á tíma í skólanum og því rétt að skoða málið í því samhengi. Mötuneyti skólans var ekki byggt sem slíkt og salurinn á margan hátt óhentugur m.a. hljóðvistin. Foreldri hefði viljað sjá skólann beita sér meira í umræðu á opinberum vettvangi um vöntun leikskóla í hverfinu þegar sú ákvörðun var tekin hjá Akureyrarbæ að leggja Hlíðaból niður.

Starfsmannamál - nýráðningar

Ingibjörg Björnsd. hefur verið ráðin í 50% þar sem Íris Hafberg umsjónarkennari fer í 50% veikindaleyfi þar til hún fer í fæðingarorlof.

Helga Svava Arnarsdóttir var nýlega ráðin í afleysingar fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Fundi slitið kl.15:00

Helga Halldórsdóttir